


Starfsemistölur fyrir janúar - nóvember


2024

Starfsemistölur fyrir janúar-nóvember 2024


Fjöldi dvalardaga á tímabilinu janúar til nóvember voru **24.410** sem er um **12%** fækkun frá því í fyrra en að sama skapi er fækkun sjúklinga sem þurfa að leggjast inn um **10%**. Meðalfjöldi dvalardaga allra deilda eru **4,5** dagar þannig að sjúklingar liggja mun styttra inni en áður. Hér vantar upplýsingar um fjölda einangruna (sem hefur aukist mikið) og hjúkrunarþyngd þar sem fjöldinn einn og sér lýsir ekki álagi á deild.



- Flestir sjúklinganna eru lagðir inn í bráðainnlögn en þær eru um **75,4%** af heildarinnlögunum.
- Að meðaltali eru **9** sjúklingar inniliggjandi á hverjum tíma sem eru með gilt færni- og heilsumat eða slíkt í vinnslu.
- Ef horft er til rúmanýtingar deilda þá er **85,4%** nýting yfir árið á lyflækninga- og skurðlækningadeild.



- Rúmlega **10.000** einstaklingar hafa fengið þjónustu á göngudeild og þar af **2.100** vegna krabbameinslyfjagjafar, sem er sambærilegt og í fyrr en þá voru **2.079** krabbameinslyfjagjafir.
- Á bráðamóttöku og göngudeild bráðamóttöku er fjöldi samskipta sambærilegur og í fyrra eða **16.231** samanborið við **16.572** á sama tíma í fyrra (sjá súlurit um komur á bráðamóttöku janúar til nóvember ár hvert). Biðtími eftir því að hitta lækni á bráðamóttöku er nú um **45** mínútur en viðmið okkar eru um **40** mínútna bið eftir lækni.



- Fjöldi skurðaðgerða janúar til nóvember voru **2.225** sem er aðeins minna en í fyrra þegar 2434 aðgerðir voru gerðar yfir sama tímabil - fjöldinn segir þó ekki allt þar sem eðli og lengd aðgerða hefur mikið að segja. Tæplega **32%** aðgerða voru bráðaaðgerðir og voru gerviliðaaðgerðir **296** á móti 311 gerviliðaaðgerðum í fyrra.
- Fjöldi myndgreiningarannsóknna (án brjóstamynda) var rúmlega **37.600** og gerir það að meðaltali um **112** rannsóknir á dag sem er sambærilegt og verið hefur.
- Rannsóknir á rannsóknadeild hafa dregist aðeins saman undanfarin ár en fjöldi rannsókna á lífeðlisfræðideild er sambærilegur og verið hefur undanfarin ár eða um **8.160** rannsóknarverk.
- Á ár hafa fæðst **370** börn samanborið við **382** börn á sama tíma í fyrra.
- Töluverð fækkun er í komum og innlögnum ósjúkratryggðra miðað við sama tímabil í fyrra. Bráðamóttakan hefur sinnt **657** ósjúkratryggðum einstaklingum og **102** hafa verið á legudeildum SAK en í fyrra höfðu verið lagðir inn **121** einstaklingar og um **750** einstaklingar leitað á bráðamóttökuna. Um er að ræða rúmlega **14%** fækkun í komum á bráðamóttöku.